

Greinargerð vegna ársreiknings Knattspyrnudeildar 2020

Tekjur

Heildar rekstrartekjur knattspyrnudeildar Breiðabliks eru 445 millj. kr. En voru 451 milljónir 2019. Það er því lítil breyting á milli ára en þó nokkur millifærsla á milli liða. T.d hækka framlög og styrkir um 32 millj. sem kemur til af styrkjum vegna covid og framlaga frá Aðalstjórn. Aðrir liðir lækka flestir, tekjur af mótum lækka t.d. um 15 millj. kr.

Helstu tekjuliðir félagsins 2020 eru (í milljónum króna):

Æfingagjöld	122,7
Sala leikmanna	83,8
Framlög og styrkir	105,3
Evrópukeppni	46,0
Mótahald	53,5
Aðrar tekjur	34,1
Samtals	445,4

Rekstrargjöld

Heildar rekstrargjöld Knattspyrnudeildar nema 438 milljónum 2020 en voru 439 milljónir 2019. Þar er því óveruleg lækkun eða 1 millj. kr. Launakostnaður og kostnaður við rekstur allra flokka félagsins hækkar um 25 milljónir króna en kostnaður vegna þátttöku í mótum lækkar um 23 milljónir króna en á árinu 2020 tók meistaraflokkur kvenna ekki þátt í Evrópukeppni. Aðrir liðir hækka samtals um 19 milljónir króna.

Helstu kostnaðarliðir félagsins 2020 eru (í milljónum króna):

Þjálfun og yfirstjórn	200,1
Leikmenn og annar kostnaður við rekstur meistaraflokka	119,8
Þátttaka í mótum	53,8
Annar kostnaður	64,2
Samtals	437,9

Hagnaður knattspyrnudeildar á árinu 2020 var 13,5 millj. kr. En hagnaður varð á rekstri ársins 2019 að fjárhæð 11,5 millj. kr.

Skipting á milli unglingastarfs og eldri flokka.

Tekjur unglingastarfs félagsins nema 180,2 milljónum króna og heildarkostnaður er 173,7 milljónir. Tekjur eldri flokka nema 265,2 milljónum og heildarkostnaður er 264,2 milljónir króna

Áætlun ársins 2021

Áætlun vegna ársins 2021 gerir ráð fyrir svipuðum rekstri og var árið 2020 Heildartekjur samkvæmt áætlun verða 425 milljónir, Heildargjöld 424 milljónir og því er gert ráð fyrir að reksturinn verði í járnum.